

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Siglufirði, Fjallabyggð.

Deiliskipulag Þormóðseyri.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 13. nóvember 2013 deiliskipulag Þormóðseyrar, Siglufirði, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagssvæðið er um 10,5 ha að flatarmáli og nær til norðausturhluta eyrarinnar, þess svæðis sem skilgreint er sem athafnasvæði í gildandi aðalskipulagi. Á svæðinu er gert ráð fyrir skipulagðri atvinnustarfsemi.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag hafnarsvæðis.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 13. nóvember 2013 breytta afmörkun deiliskipulags fyrir hafnarsvæðið á Siglufirði, sem upphaflega var samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar árið 1998. Málsmeðferð var skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 19. desember 2013.

Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. janúar 2014